

**Ed.**

**187. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á þær breytingar, sem þar er farið fram á, en telur rétt að bæta inn í frv. nýrri málsgrein, þess efnis, að þegar tveir eða fleiri stjórnmalaflokkar hafa sameiginlegan lista í framboði, þá skuli sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmalaflokki og sá aðalfulltrúi, sem forfallast, var í við kosningu, taka sæti, án tillits til, hvar í röðinni hann er á listanum. Er þessi breytingartill. í samræmi við úrskurð, sem fallið hefur um þetta efni. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. Á eftir 3. efnismálsg. kemur ný málsg., svo hljóðandi:

Nú hafa tveir eða fleiri stjórnmalaflokkar sameiginlega lista í framboði við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og sæti eins aðalfulltrúa slíks lista losnar á kjörtímabilinu, eða hann óskar að láta varamann sitja fund í sinn stað, og skal þá sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmalaflokki og aðalmaður sá, er um er að ræða, var fulltrúi fyrir, er hann var kjörinn, taka sæti hans í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, án tillits til þess, hvar í röðinni hann er af varamönnum listans. Sé enginn úr hópi varamanna slíks sameiginlegs lista í sama stjórnmalaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í, taka varamenn listans sæti samkvæmt ákvæðum 3. mgr. þessarar greinar.

Alþingi, 9. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason,